

# Föstudagur 2. júní



- 17.50 Gosi (23)** (Pinocchio). Teikni-myndaflokkur um ævintýri Gosa. Þýðandi Jóhanna Þráinsdóttir. Leikraddir Örn Arnason.
- 18.15 Litli sægarðurinn** (Jack Holborn). Þriðji þáttur. Nýsjaðlskur myndaflokkur í tólf þáttum. Aðalhlutverk Monte Markham, Terence Cooper, Matthias Habich og Patrick Bach. Þýðandi Sigurður Steingrímsson.
- 18.45 Táknmálfréttir.**
- 18.50 Austurbæingar** (Eastenders). Breskur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Kristmann Eðsson.
- 19.20 Benny Hill.** Breskur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Stefán Jökulsson.
- 19.50 Tommi og Jenni.**
- 20.00 Fréttir og veður.**
- 20.30 Málið og meðferð þess.** Mál og samfélag. Umsjón Höskuldur Þráinsson og Þórunn Blöndal. Áður sýnt í Fræðsluvarpi.
- 20.45 Flóringur.** Ungu fólkid og umferðin. Umsjón Bryndisar Jónsdóttur.
- 21.15 Eltingaleikur** (Fuzz). Bandarísk bíómynd í léttum dúr frá 1972. Leikstjóri Richard A. Colla. Aðalhlutverk Burt Reynolds, Jack Weston, Tom Skerritt, Raquel Welch og Yul Brynner. Leynilögslumenn reyna að hafa uppi á hættulegum glepamanni en þær aðferðir, sem þeir nota, eru ekki allar jafn árangursríkar. Þýðandi Veturiði Guðnason.
- 22.45 Morðið í háskólanum** (Inspector Morse - The Last Enemy). Bresk sakamálamynd frá 1988 með John Thaw í hlutverki Morse lögreglufróingja. Lík finnst í skurði ekki langt frá Oxford-háskóla. Morse fær málið til meðferðar og er skoðun hans sú að morð hafi verið framið og að morðingjann sé að finna innan veggja háskólans. Þýðandi Gunnar Þorsteins-son.



- 00.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlök.**
- 16.45 Santa Barbara.**
- 17.30 Bláa lónið.** Blue Lagoon. Yndislega ljúf ástarsaga tveggja ungmenna, sem gerist við hinar fögru strendur Kyrrahafsins. Aðalhlutverk: Brooke Shields og Christopher Atkins. Leikstjóri og framleiðandi: Randal Kleiser.
- 19.19 Fréttir og fréttaskýringa-þáttur ásamt umfjöllun um þau málefni sem ofarlega eru á baugi.**
- 20.00 Teiknimynd.** Teiknimynd fyrir alla aldurshópa.
- 20.15 Ljóðu mér eyra....** Pia Hansson kynnir ný og gömul tónlistarmyndbönd og segir sögur úr skemmtanalífni. Dagskrárgerð: María Mariusdóttir.
- 20.45 Þáfinn á Íslandi.** Fjallað um kaþólskuna, Vatíkanið og Jóhannes Pál páfa II. Umsjón og dagskrárgerð: Sigurveg Jónsdóttir og Þórir Guðmundsson. Stjórn upptöku: Hákon Oddsson.
- 21.10 Upp á yfirborðið.** Emerging. Hugljúfar ástarsögur gerast á þessum síðustu og verstu tímum. Eftir slys á reiohjól er Steve bundinn við hjólastól þad sem hann á ólífað. Hann er bitur og sár og hafnar sínu nánasta umhverfi. Foreldrar hans og unnusta láta sem ekkert hafi gerst og allt geti haldið áfram óbreytt. Dag nokkurn kemur á spítalann leikkona sem verður til þess að Steve trúir því að hann geti horfst í augu við lífið og tilveruna. Þegar hann upp-geitvar svo að hún er ekki bundin við hjólastól er hann niðurbrotinn maður... Aðalhlutverk: Shane Connor, Sue Jones, Robyn Gibbes og Tibor Gyapjas.
- 22.30 Bjartasta vonin.** The New Stateman. Breskur gamanmyndaflokkur um ungan og efnilegan þingmann.
- 22.55 Uns dagur rennur á ný.** The Allnighter. Aðalhlutverk: Susanna Hoffs, Dedee Pfeiffer, Joan Cusack, John Terlesky og James Anthony Shanta. Ekki við hæfi barna.
- 0.25 Geymt en ekki gleymt.** Honorable Thief. Mike Parker er hálfgerður utangarðsmaður í New York. Einn daginn hringir gömul kærasta í hann og hefur

áhuga á því að fá hann til samstarfs við sig. Stúlkan sem er auðug barónessa með sterk ítök í undirheimunum getur flutt listaverk til Mið-Austurlanda og vill að Mike steli þeim. Serie Noire. Ekki við hæfi barna.

**1.50 Dagskrárlök.**



- 6.45 Veðurfregnir.** Bæn, séra Stína Gísladóttir flytur.
- 7.00 Fréttir.**
- 7.03 Í morgunsmárið** með Ingvaldi Ólafsdóttur.
- 9.00 Fréttir.**
- 9.03 Litli barnatíminn - Á Skípalóni** eftir Jón Sveinsson. Fjalar Sigurðarson les sautjándna og síðasta lestur. (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
- 9.20 Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.
- 9.30 Kvíksjá - Shakespeare í London.** Umsjón: Sverrir Guðjónsson. (Endurtekinn þáttur frá þriðjudegi.)
- 10.00 Fréttir.** Tilkynningar.
- 10.10 Veðurfregnir.**
- 10.30 Sveitasæla.** Umsjón: Signý Pálsdóttir.
- 11.00 Fréttir.**
- 11.03 Samhljómur.** Umsjón: Anna Ingólfssdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
- 12.00 Fréttayfirlit. Tilkynningar.**
- 12.20 Hádegisfréttir**
- 12.45 Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
- 13.00 Í dagsins önn - Óheilbrigð hús.** Umsjón: Þorgeir Ólafsson.
- 13.30 Miðdegissagan: Vatnsmelónusykur** eftir Richard Brautigan. Gyrðir Ellason þýddi. Andrés Sigurvinsson les (7.)
- 14.00 Fréttir.**
- 14.03 Ljúflingisög.** Svanhildur Jakobsdóttir kynnir. (Einnig útvarpað að faranót miðvikudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
- 15.00 Fréttir.**
- 15.03 Vísindin efla alla dáð.** Fimmti þáttur af sex um háskólamenntun á Íslandi. Umsjón: Einar Kristjánsson. (Endurtekinn frá miðvikudagskvöldi.)
- 16.00 Fréttir.**
- 16.03 Dagbókin Dagskrá.**
- 16.15 Veðurfregnir.**
- 16.20 Barnaútvarpið.** Létt grín og gaman í Barnaútvarpinu. Umsjónarmaður: Kristín Helgadóttir.
- 17.00 Fréttir.**
- 17.03 Tónlist á síðdegi - Rossini, Tsjajkovski og Liszt.**
- 18.00 Fréttir.**
- 18.03 Að utan.** Fréttabáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
- 18.10 Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. Tónlist. Tilkynningar.
- 18.45 Veðurfregnir.** Tilkynningar.
- 19.00 Kvöldfréttir.**
- 19.30 Tilkynningar.**
- 19.32 Kvíksjá.** Umsjón: Friðrik Rafnson.
- 20.00 Litli barnatíminn - Á Skípalóni** eftir Jón Sveinsson. Fjalar Sigurðarson les sautjándna og síðasta lestur. (Endurtekinn frá morgni.)
- 20.15 Blásaratónlist.**
- 21.00 Norðlensk vaka.** Sjötti og síðasti þáttur um menningu í dreifðum byggðum á Norðurlandi og það sem menn gera sér þar til skemmtunar á eigin vegum. Umsjón: Haukur Ágústsson.
- 22.00 Fréttir.**
- 22.07 Að utan.** Fréttabáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
- 22.15 Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
- 22.30 Danslög**
- 22.55 Svipmynd af biskupshjónum.** Jónas Jónasson ræðir við biskup Íslands, herra Pétur Sigurgeirsson, og konu hans, Sólveigu Ásgeirsdóttur. (Áður á dagskrá á þriðja í júlum 1985.)
- 24.00 Fréttir.**
- 0.10 Samhljómur.** Umsjón: Anna Ingólfssdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
- 1.00 Veðurfregnir.**
- 1.10 Næturútlarp** á báðum rásum til morguns.



- 7.03 Morgunútlarp.** Leifur Hauks-son og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum.
- 9.03 Morgunyrpa** Evu Ásrúnar Albertsdóttur. Rugl dagsins frá Spaugstofu kl. 9.25. Neytendahorn kl. 10.03. Afmælistveður kl. 10.30. Sérparfajning með

- Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03. Gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
- 12.00 Fréttayfirlit. Auglýsingar.**
- 12.20 Hádegisfréttir.**
- 12.45 Umhverfis landið á áttattum** með Gestri Einari Jónassyni sem leikur þrautreynda gullaldartónlist.
- 14.03 Milli mála.** Árni Magnússon á útkikki og leikur nýju lögin.
- 16.03 Dagskrá.** Dægurmálaútlarp.
- 19.00 Kvöldfréttir.**
- 19.32 Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 20.30 Snúningur.** Áslaug Dóra Eyjólfssdóttir ber kveður milli hlustenda og leikur óskálög.
- 20.30 Næsturútlarp** á báðum rásum til morguns.
- 1.00 Næsturútlarp** á báðum rásum til morguns.
- Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.
- Næsturútlarp**
- 2.00 Fréttir.**
- 2.05 Rokk og nýbylgja.** Skúli Helgason kynnir. (Endurtekkið frá mánudagskvöldi.)
- 3.00 Róbatarokk.** Fréttir kl. 4.00.
- 4.30 Veðurfregnir.**
- 4.35 Næturmótur.**
- 5.00 Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
- 5.01 Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 6.00 Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
- 6.01 Á frivaktinni.** Þóra Marteinssdóttir kynnir óskálög sjómanna. (Endurtekinn þáttur frá mánudegi á Rás 1.)
- 7.01 Úr gömlum belgjum.**



- 7.00 Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
- 10.00 Valdis Gunnarsdóttir.** Valdis er með hlutina á hreinu og leikur góða blöndu af þægilegri og skemmtilegri tónlist eins og henni einni er lagið.
- 14.00 Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Óskálög, kveðjurnar, nýjustu lögin, gömlu góðu lögin, allt á sinum stað. Bjarni Ólafur stendur alltaf fyrir sínu.
- 18.10 Reykjavík síðdegis. Hvað finnst þér?** Hvað er eftir á baugi? Þú getur tekið þátt í umræðunni og lagt þitt til málanna í síma 61 11 11. Þáttur sem dregur ekkert undan og menn koma til dyrnanna eins og þeir eru klæddir þá stundina. 19.00 - **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist - minna mas.
- 20.00 Ólafur Már Björnsson.** Kynt undir helgarstemningunni í vikulokin.
- 22.00 Haraldur Gíslason.** Harósnúni Halli kann „helgatókin“ á tónlistinni. Óskálög og kveður í símunum 68 19 00 og 61 11 11.



- 7.00 Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
- 10.00 Jón Axel Ólafsson.** Leikur, tónlist og ýmislegt létt sprell með hlustendum. Jón Axel leikur nýjustu lögin og kemur kveðju og óskálögum hlustenda til skíla.
- 14.00 Gunnlaugur Helgason.** Leikur hressa og skemmtilega tónlist við vinnuna. Gunnlaugur tekur hress viðtöl við hlustendur, leikur kveður og óskálög í bland við ýmsan fróðleik.
- 18.10 Íslenskir tónar.** Þessi geysivinsæli dagskrárlíður hefur verið endurvakinn vegna fjölda áskorana. Gömul og góð íslensk lög leikin ókynt í eina klukkustund.
- 19.00 Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist - minna mas.
- 20.00 Ólafur Már Björnsson.** Kynt undir helgarstemningunni í vikulokin.
- 22.00 Haraldur Gíslason.** Harósnúni Halli kann „helgatókin“ á tónlistinni. Óskálög og kveður í símunum 68 19 00 og 61 11 11.
- 2.00 Næsturútlarp.**
- Fréttir á Sjöjórnunni** kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.

- 09.00 Rótartónar.**
- 11.00 Við við viðtæklið.** E.
- 13.00 Mundu daginn í dag.** Tal og tónar í góðri stemningu.
- 17.00 Geðsveiflan.** Tónlistarþáttur í umsjá Hilmars V. Guðmundssonar og Alfreðs Jóhannssonar.
- 19.00 Raunir** Reynis Smára.
- 20.00 Fés.** Unglingarþáttur í umsjá Emils Arnar og Hlynis.
- 21.00 Gott bit.** Tónlistarþáttur með Kidda kanínu og Þorsteini Högna.
- 23.30 Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
- 2.00 Næturvakt.**


- 17.00 Orð trúarinnar.** Blandaður þáttur frá Trú og lífi með tónlist, u.þ.b. hálfíma kennslu úr Orðinu og e.t.v. spjalli eða viðtölum. Umsjón: Halldór Láruson og Jón Þór Eyjólfsson.
- 19.00 Blessandi boðskapur í margvislegum tónum.**
- 24.00 Dagskrárlök.**

- 4.30 Viðskiptaþáttur.**
- 5.00 The DJ Kat Show.** Barnaefni.
- 8.00 Poppþáttur.**
- 7.30 The Panel Pot Pourri.** Skemmti- og leikjapáttur.
- 9.00 The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
- 9.30 Sky by Day.** Fréttabáttur.
- 10.30 A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
- 11.00 Another World.** Sæpuópera.
- 11.55 General Hospital.**
- 12.50 As the Worlds Turns.** Sæpuópera.
- 13.45 Loving.**
- 14.15 The Lucy Show.** Gamanþáttur.
- 14.45 The Littles.** Teiknimynd.
- 15.00 Poppþáttur.**
- 16.00 The Young Doctors.**
- 16.30 Three's Is a Company.** Gamanþáttur.
- 17.00 Sky Star Search.** Hæfileika-keppni.
- 18.00 Sale of the Century.** Getraunaþáttur.
- 18.30 Bring 'Em Back Alive.** Spennuþáttur.
- 19.30 And Your Name Is Jonah.** Kvikmynd.
- 21.30 Jameson Tonight.** Rabbþáttur
- 22.30 Police Story.** Spennumynd.

- 9.30 Mobil Sport News.** Fréttir og fleira af kappakstri.
- 10.00 Surfer magazine.** Brimbretta-keppni á Hawaii.
- 10.30 Tennis.** Opna franska meistaramótið.
- 12.30 Frjálsar íþróttir.** Frá San Jose, Kaliforníu.
- 13.30 Ástralski fótboltinn.**
- 15.30 Eurosport Menu.**
- 17.00 Hornabolti.** Valin atriði úr leik í amerísku deildinni.
- 18.00 Tennis.** Opna franska meistaramótið.
- 20.00 Golf.** British Master.
- 22.00 Tennis.** Opna franska meistaramótið.

- 13.30 Off the Wall.** Tónlistarþáttur.
- 14.30 Hotline.**
- 16.30 The Global Chart Show.** Popp-tónlist.
- 17.30 Richard Diamond.** Sakamála-myndaflokkur.
- 18.00 Tourist Magazine.** Ferðaþáttur.
- 18.25 Hollywood Insider.** Fylgst með lífi í Hollywood og rætt við stjörnurnar.
- 18.50 Transmision.** Popptónlist.
- 19.45 Fréttir og veður.**
- 20.00 Konsert.**
- 22.00 Fréttir, veður og popptónlist.**

## Sjónvarp kl. 22.45: Morðið í háskólanum



John Thaw leikur leynilög-reglufróingjann Morse.

Sá ágæti lögreglufróingjann Morse mætir aftur til leiks í kvöld í nýrri sjónvarpskvikmynd, Morðinu í háskólanum (The Last Enemy). Í þessari mynd fær hann enn eitt morðið til rannsókna. Söguviðið er Oxford. Þar finnst í skurði lík. Það eina sem Morse hefur til að fara eftir er vísbending um að fórnarlambið hafi tengst hinum fræga háskóla í Oxford. Enda kemur í ljós að tilurð morðsins er valdabrolt og spilling innan háskólans. Morse ásamt aðstoðarmanni sínum Lewis koma að mörgum lokuðum dyrum við rannsókn sína en smám saman verður þeim ljóst að innan veggja háskólans, þar sem allt er slétt og fellt á yfirborðinu, eru til klíkur sem veigra sér ekki við að myrða til að koma áformum sínum í framkvæmd. Það er sem fyrr John Thaw er leikur Morse og Kevin Whately leikur Lewis. -HK

## Sjónvarp kl. 21.15: Eltingaleikur



Burt Reynolds og Jack Weston eru hér komnir í nunnubúning til að auðvelda sér að komast nálægt sprengrubrálæðingnum.

Eltingaleikur (Fuzz) er gamanmynd frá 1972 og fjallar um fjóra lögregluþjóna sem fá það verkefni að hafa upp á sprengrubrálæðingnum. Með fjórmennningunum er ein kvenlögrelga og þarf hún að verja meiri tíma en góðu hófi gegnir til að sannfæra félaganum að hún sé jafn fær um að gera hlutina og karlarnir. Ráðagerðir þeirra til að hafa upp á brjálaðingnum bera líftinn árangur enda ekki mjög gáfulegar. Það er Burt Reynolds sem leikur aðalhlutverðið í Eltingaleik. Ásamt honum leika Jack Weston og Tom Skerritt lögreglumenn og þokkagyðjan Raquel Welch leikur kvenlögrelguna sem fengin er þeim til hjálpar. Það er svo enginn annar en Yul Brynner er leikur sprengrubrálæðinginn. Þótt Eltingaleikur sé fyrst og fremst gamanmynd eru mörg atriði í myndinni sem skapa spennu. -HK



Molly (Susanna Hoffs) fellur fyrir roksöngvarnum Mickey (Michael Ontkean).

## Stöð 2 kl. 22.55: Uns dagur rennur á ný

Aðalhlutverkið í Uns dagur rennur á ný er leikið af Susanna Hoffs sem er ekki þekkt leikkona en þess betur þekkt í poppheiminum. Er hún söngvari The Bangles, þekktustu hljómsveitar í heimi sem eingöngu er skipuð kvenmönnum. Hoffs leikur Molly sem er að útskrifast úr skóla og hefur miklar áhyggjur af því að á þeim fjórum árum, sem námið tók, hefur hún ekki lent í einu einasta ástarævintýri. Hún ákveður að nú sé að duga eða drepast og að fyrir útskriftardag verði hún búin að ná sér í kærasta. Sá sem verður fyrir valinu er roksöngvarinn Mickey Leroi sem Michael Ontkean leikur. Það gengur auðveldlega að kynna honum en ekki jafnauðveldlega að halda rétt á spöðunum því það eru fleiri á eftir rokkgoðinu. Leikstjóri Uns dagur rennur á ný er Tamara Simon Hoffs sem er móðir Susönnu Hoffs.